

Fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli  
Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2024

**Efni: Upplýsingar um kostnað vegna sölumeðferðar eignarhluta ríkisins með tilboðsfyrirkomulagi í Íslandsbanka hf. auk upplýsinga m kaup á annarri ráðgjöf**

*Inngangur*

Vísað er til bréfs ráðherra til Bankasýslu ríkisins, dags. 17. maí sl., þar sem ráðherra vísar til 13. gr. laga um Stjórnarráð Íslands er lúta að skyldum ráðherra til að hafa eftirlit með fjárreiðum stjórnvalda sem undir hann heyra.

Í bréfi ráðherra er í fyrsta lagi óskað eftir upplýsingum um kostnað við sölumeðferð eignarhluta í Íslandsbanka hf. með tilboðsfyrirkomulagi í mars 2022 með vísan í minnisblað Bankasýslu ríkisins til fjárlaganefndar dags. 26. apríl 2022, þar sem fram kom að heildarkostnaður vegna sölumeðferðarinnar myndi vera á bilinu frá 439,5 m.kr. til 702,7 m.kr. Samsvaraði munurinn á efri og neðri mörkum greiðslu svokallaðrar valkvæðrar þóknunar sem gæti numið allt að 0,5% af söluandvirði. Óskar ráðuneytið í því sambandi eftir upplýsingum um „hver hafi verið heildarkostnaður við sölumeðferðina auk sundurliðunar eftir helstu kostnaðarpáttum og móttakendum kostnaðargreiðslna.“

Í bréfi ráðherra er í öðru lagi óskað eftir „sundurliðuðum upplýsingum um alla aðkeypta þjónustu hjá Bankasýslu ríkisins á tímabilinu 1. maí 2022 til 31. desember 2023.“

*Kostnaður við sölumeðferð á eignarhlutum í Íslandsbanka*

Kostnaður ríkisins vegna sölumeðferðar eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka í mars 2022 stendur nú í 439,5 m.kr., þ.e. lægri mörkum, sem fram komu í minnisblaðinu.<sup>1</sup> Allur þessi kostnaður var samningsbundinn og tengdist einungis útboðinu. Var hann greiddur af sérstökum reikningi, sem stofnað var til vegna sölunnar, en ekki af framlagi ríkissjóðs til stofnunarinnar skv. fjárlögum. Hefur engin greiðsla verið innt af hendi í þessu sambandi síðan í júní mánuði árið 2022. Bankasýsla ríkisins hefur ítrekað gefið til kynna að engar ákvarðanir verði teknar varðandi greiðslu valkvæðra þóknana til söluráðgjafa útboðsins, fyrr en að niðurstaða fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME“) á athugun þess á eftirlitsskyldum aðilum, sem komu að útboðinu, liggur fyrir. Í þessu sambandi er rétt að benda á að fram kom hjá varaseðlabankstjóra fjármálaeftirlits um þetta atriði á opnum fundi með efnahags- og viðskiptanefnd þann 21. maí sl. að „athugun stendur enn yfir en [...] við erum að sjá til lands í því“. Þess má geta að greiðsla valkvæðra þóknana er á forræði Bankasýslu ríkisins og er stofnuninni ekki skylt að greiða slíkar þóknanir skv. ákvæðum samnings á milli stofnunarinnar og söluráðgjafa. Tafla 1 sýnir skiptingu kostnaðar eftir helstu kostnaðarpáttum og móttakendum.

<sup>1</sup> Þess ber að geta að umrædd fjárhæð tekur ekki til 360 þ.kr. greiðslu á virðisaukaskatti fyrir innlenda lögfræðiráðgjöf, sem rann beint í ríkissjóð.

**Tafla 1: Helstu kostnaðarliðir í tengslum við sölumeðferð á eignarhlut í Íslandsbanka með tilboðsfyrirkomulagi í mars 2022 (fjárhæðir í m.kr.)**

<u>Helstu kostnaðarliðir</u>	<u>Fjárhæð</u>
Grunnbóknun til erlendra söluráðgjafa <sup>2</sup>	201,4
Grunnbóknun til innlendra söluráðgjafa <sup>3</sup>	193,5
Þóknun til innlends lögfræðiráðgjafa	1,5
Þóknun til erlends lögfræðiráðgjafa	3,6
Þóknun til alþjóðlegs fjármálaráðgjafa	39,1
Endurgreiðsla til ráðgjafa á útlögðum kostnaði	<u>0,4</u>
Þóknanir og kostnaður sem þegar hafa verið greidd	439,5
Valkvæðar þóknanir sem ekki hafa verið greiddar	<u>263,3</u>
Samtals hámarks þóknanir og kostnaður	702,7

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn voru grunnþóknanir til söluráðgjafa, en þær samsvöruðu samtals 394,9 m.kr., eða 0,75% af brúttó söluandvirði, sem nam 52,7 ma.kr.

Í ríkisreikningi fyrir árið 2022 er gerð grein fyrir sölumeðferð eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka með tilboðsfyrirkomulagi í mars það ár. Tafla 2 sýnir samantekt á þeim upplýsingum sem þar koma fram um sölu.

**Tafla 2: Sala eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka með tilboðsfyrirkomulagi skv. ríkisreikningi fyrir árið 2022 (fjárhæðir í m.kr.)**

<u>Bókhaldsliður</u>	<u>Fjárhæð</u>
Söluandvirði <sup>4</sup>	52.650
Bókfært virði seldra hluta á ríkisreikningi	<u>(43.157)</u>
Mismunur á söluandvirði og bókfærðu virði	9.493
Bókfærður hagnaður vegna sölunnar	8.791
Bókfærður kostnaður vegna sölunnar	<u>702</u>
Mismunur á söluandvirði og bókfærðu virði	9.493

Taflan sýnir að skv. ríkisreikningi var kostnaður vegna sölunnar bókfærður á samtals 702 m.kr., þrátt fyrir það að greiddur kostnaður vegna sölunnar hafi verið þá, eins og nú, samtals 439,5 m.kr. Samkvæmt upplýsingum Bankasýslu ríkisins var það gert á grundvelli varfærnisjónarmiða á þeim tíma að miða við það að allur kostnaður yrði greiddur. Var hagnaður vegna sölunnar bókfærður því samtals 8.791 m.kr., og samsvaraði því 16,7% af bókfærðu virði á ríkisreikningi. Aftur á móti, ef einungis er tekið tillit til þess kostnaðar, sem hefur verið greiddur, þ.e. 439,5 m.kr., væri hagnaður vegna sölunnar þannig 9.098 m.kr.

<sup>2</sup> Um er að ræða sölubóknanir til Citibank, JP Morgan og HSBC

<sup>3</sup> Um er að ræða sölubóknanir til fyrirtækjaráðgjafar og verðbréfamiðlunar Íslandsbanka, Fossa fjárfestingarbanka, ACRO verðbréfa, ÍV hf. og Landsbankans hf.

<sup>4</sup> Söluandvirði samsvarar margfeldi (a) söluverðs á hvern hlut, þ.e. 117 kr., og (b) fjölda seldra hluta, þ.e. 450 milljónir.

### Kostnaður vegna sérfræðipjónustu frá maí 2022 til desember 2023

Samtals kostnaður Bankasýslu ríkisins vegna aðkeyprtrar þjónustu á tímabilinu frá 1. maí 2022 til 31. desember 2023 nam 57,4 m.kr. Ekki var stofnað til þessa kostnaðar vegna útboðsins, enda var hann greiddur af fjárframlögum ríkissjóðs til stofnunarinnar, sbr. ofangreindar skýringar úr ríkisreikningi, en ekki af þeim sérstaka reikningi, sem stofnað var til vegna sölnnar. Þá var þetta fyrirkomulag samþykkt af ráðuneytinu. Tafla 3 sýnir skiptingu þess kostnaðar á milli tilgreindra undirflokka, skv. bókhaldskerfi ríkisins, og ára.<sup>5</sup>

**Tafla 3: Kostnaður Bankasýslu ríkisins vegna aðkeyprtrar þjónustu frá 1. maí 2022 til 31. desember 2023**

	Maí til desember <u>2022</u>	Janúar til desember <u>2023</u>	Samtals á tímabilinu
<b><u>Kostnaðarliðir</u></b>			
Tölvu og kerfisfræðipjónusta	98.000	85.800	183.800
Önnur sérfræðipjónusta	22.087.780	20.107.481	42.195.261
Sími og ýmis leigugjöld	4.296.440	5.759.014	10.055.454
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	<u>244.162</u>	<u>261.784</u>	<u>505.946</u>
Samtals aðkeypt þjónusta	26.726.382	30.719.930	57.446.312

Taflan sýnir að samtals kostnaður vegna aðkeyprtrar þjónustu nam 57,4 m.kr., eða 26,7 m.kr. á tímabilinu frá maí til desember 2022 og 30,7 m.kr. á árinu 2023.

Stærsti liðurinn af samtals kostnaði vegna aðkeyptar þjónustu var önnur sérfræðipjónusta, eða 42,2 m.kr.

Af annarri sérfræðipjónustu fylgdi mesti kostnaður lögmannsþjónusta, eða samtals 32,4 m.kr. Þess ber að geta að Bankasýsla ríkisins hafði engan innanhúss lögmann frá og með 1. júlí 2022 og þurfti þar af leiðandi að leita utanaðkomandi aðstoðar með ýmis mál.

Kostnaður vegna lögfræðilegrar ráðgjafar féll til í tengslum við athuganir opinberra aðila á sölumeðferð eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka, sem hófst eftir að sölu lauk í mars 2022 og stofnunin hafði uppfyllt ákvæði allra samninga, sem tengdust henni. Um var að ræða eftirfarandi athuganir:

<sup>5</sup> Kostnaður á umræddu tímabili miðar við þann kostnað sem birtist undir hverjum mánuði í bókhaldskerfi Fjársýslu ríkisins skv. undirliggjandi reikningum. Sú þjónusta sem innt er af hendi gæti aftur á móti náð yfir lengra tímabil.

- Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Þann 8. apríl 2022 var tilkynnt um úttektina. Þann 13. nóvember sama ár birti Ríkisendurskoðun skýrslu sína *Sala á hlut ríkisins í Íslandsbanka 22. mars 2022*. Þann 27. febrúar 2023 birtu meirihluti og minnihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar álit sín, en skýrslan var tekin til umfjöllunar í nefndinni.
- Athugun FME á tilteknum þáttum tengdum útboði á 22,5% hlut í Íslandsbanka. Þann 12. apríl 2022 var tilkynnt um athugunina. Þann 26. júní 2023 var tilkynnt samkomulag um sátt FME og Íslandsbanka vegna málsins og þann 21. desember sama ár var tilkynnt um að FME hefði lokið athugun á framkvæmd Landsbankans á útboðinu. Þann 21. maí sl. var athugun FME gagnvart öðrum eftirlitsskyldum aðilum ekki lokið.
- Framkvæðisathugun umboðsmanns Alþingis. Þann 2. mars 2023 ritar umboðsmaður Alþingi ráðherra fyrirspurnarbréf um hæfi hans í tengslum við söluna. Þann 5. október sama ár lauk umboðsmaður athugun sinni á málinu og birti álit sitt í framhaldinu.


Því til viðbótar voru Logos og aðrar lögmannsstofur kallaðar til aðstoðar við önnur minni verkefni, eins og vegna málsmeðferðar hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál, kvörtunar vegna rammasamnings Ríkiskaupa og undirbúnings á hlutahafafundi Íslandsbanka í júlí 2023.

Stærsti móttakandi greiðslna fyrir sérfræðiþjónustu var Logos. Stofan hafði verið innlendur lögfræðilegur ráðgjafi stofnunarinnar vegna sölunnar en þau mál sem rakin eru hér að framan og komu í kjölfarið tengdust öll með einum eða öðrum hætti sölumeðferðinni. Samtals námu greiðslur til stofunnar á þessu 20 mánaða tímabili, þ.e. frá maí 2022 til desember 2023, 30,5 m.kr.

Af öðrum kostnaði undir liðnum önnur sérfræðiþjónusta var ýmis önnur sérfræðiráðgjöf, eða samtals 5,8 m.kr. Stærsti liðurinn þar undir var fjölmiðla- og samskiptaráðgjöf, en kostnaður nam samtals 4,3 m.kr. Stærsti móttakandi var Athygli ehf., en greiðslur til þess félags námu samtals 3,8 m.kr. á tímabilinu. Þess má geta í þessu sambandi að Bankasýsla ríkisins hefur aldrei haft starfandi fjölmiðlafulltrúa innan stofnunarinnar. Allur þessi kostnaður kom til vegna athugana fyrrgreindra opinberu aðila og fjölmiðalumfjöllunar í kjölfar sölunnar á 22,5% hlut í Íslandsbanka í mars 2022.

Næst stærsti kostnaðarliður undir aðkeypt þjónusta var sími og ýmis leigugjöld, eða samtals 10,1 m.kr. Af þessari fjárhæð var stærsti einstaki liðurinn vegna Bloomberg upplýsingaveitunnar, eða 6,0 m.kr.

Virðingarfyllt,



Jón G. Jónsson, forstjóri